

eigandi að fiskinum, jafnóðum og hann dró hann og eigi því ekkert ógreitt af kaupinu.

Á þetta getur sjórjetturinn ekki fallist. Stefnandi var ráðinn með þeim kjörum, að selja útgerðarmönnum hálfdrætti sitt ákveðnu verði og er því ekki búinn að fá kaupið greitt fyrri en hann hefir fengið hálfdrættið borgað að fullu.

Eftir þeim úrslitum er mál þetta fær hjer í sjórjettinum þykir rjett að stefndur Einar Þorgilsson greiði stefnanda 40 krónur upp í málskostnað.

Mánudaginn 3. nóv. 1924.

Nr. 29/1924. **O. Ellingsen** (Lárus Jóhannesson)  
gegn

**A. Obenhaupt** (Guðm. Ólafsson).

Spurning um gildi rgj. nr. 120, 19. okt. 1918 um verð framfærslu á vörum í heilðsölu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1924: Stefndur O. Ellingsen, greiði stefnandanum, A. Obenhaupt, dansk- ar krónur 4,060,20 og íslenskar krónur 25,26, að fráðregnum íslenskum krónum 3,120,00 með 6% ársvöxtum frá 25. október f. á. til greiðsludags og kr. 178,00 í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Með 2. gr. l. nr. 7, 30. júlí 1918 var landsstjórn- inni veitt heimild til, ef þörf gerðist, að banna inn- flutning á vörum til landsins, nema með leyfi stjórnar- innar, og ákveða hve mikið skuli lagt á vöruna. Af þessu og undirbúningi laganna á alþingi verður að líta svo á að rgj. nr. 120, 19. okt. 1918 um verð- framfærslu á vörum í heilðsölu, er sett var með heimild í lögum þessum, hafi eigi tekið til kaupa er

vörur voru seldar fob. í erlendum höfnum, enda verður og að lita svo á að umrædd reglugjörð hafi verið gengin úr gildi, er kaup þau, sem mál þetta er risið út af, fóru fram. Bæði var reglugjörðin einn liður í ráðstöfunum þeim, er þing og stjórn gjörðu til að bæta úr örðugleikum þeim á verslunarhögum landsins, er af heimsstyrjöldinni stöfuðu, og virðist hún því hafa gengið úr gildi er ástand það, sem hana skapaði, hvarf. Auk þess má ætla að landsstjórnin með rgj. 28. sept. 1920 hafi falið verðlagsnefnd framkvæmd rgj. nr. 120, 19. okt. 1918. Er mælt svo fyrir í 4. gr. rgj. 28. sept. 1920, að verðlag það er nefndin ákveður falli úr gildi jafnskjótt og nefndin hættir störfum, en nefnd þessi var lögð niður með augl. atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins 20. apríl 1921. Af þessum ástæðum verður aðalkrafa áfrýjanda í hæstarjetti, um algera sýknun af kröfum stefnda eigi tekin til greina, og með því ennfremur að telja verður, með hliðsjón af ákvæðum kaupsamnings aðilja um ráðstöfunarrjett stefnda á hinum seldu vörum, að rjett sje að leggja uppboðsandvirði vörunnar, á uppboðinu 15. okt. f. á., til grundvallar um verð hennar, enda uppboðið auglýst og haldið á viðunanlegan hátt, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefndum málskostnað í hæstarjetti er ákveðst 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, O. Ellingsen, greiði stefnda, A. Obenhaupt, málskostnað í hæstarjetti með 300 krónum.

Dóminum skal fullnægja, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sattaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 31. okt. f. á. af A. Obenhaupt stórkaupmanni hjer í bænnum gegn O. Ellingsen kaupmanni í Reykjavík, til greiðslu á dönskum krónum kr. 4060,20 og ísl. kr. 25,26 að frádregnum ísl. kr. 3120,00 með 6% ársvöxtum frá 25. okt. f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málf lutningsmannafjelagsins kr. 178,00.

Stefndur hefir hinsvegar krafist algerðrar sýkunar af öllum kröfum stefnanda í málinu og sjer tildæmdan málskostnað. Til vara hefir hann krafist þess, komist rjetturinn að þeirri niðurstöðu að stefndur hafi bakað sjer skaðabótarábyrgðar gagnvart stefnda, að skaðabæturnar verði ákveðnar af rjettinum eða óvilhóllum mönnum, en að ekki verði farið eftir uppboðssölu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Hinn 17. júlí f. á. undirrituðu stefnandi sem seljandi, A. Obenhaupt, Hellerup — og stefndur sem kaupandi „sluttseðil“, þar sem stefndur festir kaup á ca. 800 kg. af netagarni no. 11/5 á danskar kr. 2,10 hvert lbs., og ca. 800 kg. af netagarni no. 12/3 á danskar kr. 2,25 hvert lbs. Var garnið selt fob. Genua og átti að afhendast hjer í júlí eða ágúst ef unt væri. Borgun átti að fara fram gegn farmskirteini eða afhendingaseðli að vild kaupanda og hafði seljandi heimild til að ráðstafa garninu á ábyrgð og fyrir reikning kaupanda ef hann greiddi ekki andvirðið innan 14 daga og skyldi kaupandi greiða alt það tjón sem hlytist af slíkri sölu. Í ágústmánuði f. á. kemur svo garnið no. 11/5, sem mál þetta er risið út af. Samkvæmt reikningi á rskj. nr. 6 dags. 27. ágúst f. á. nemur verð garnsins með flutningskostnaði og vátryggingu m. m. samtals danskar kr. 4060,20 reiknað á danskar kr. 2,10 hvert lbs. fob. auk vörutolls m. m., er nam ísl. kr. 25,26. Þann sama dag sem reikningurinn er dagsettur meðtók stefndur samhljóða reikning frá stefnanda hjer ásamt tilkynningu um að innleysa garnið. Stefndur telur það sjálfsagt að hann hefði þá innleyst garnsendingu þessa, ef hann ekki um sömu mundir hefði

heyrt að netagarn væri boðið út í heildsölu fyrir kr. 4,50 kg. og eftir nokkra rannsókn kveðst hann hafa komist að því að það væri einmitt stefnandi sem byði þá garn fyrir þetta verð, en samkvæmt þáverandi gengi á danskri krónu kveður hann kilóíð hafa kostað sig eða átt að kosta samkvæmt reikningnum á rskj. nr. 6 ísl. kr. 5,91 75/100. Kveðst stefndur þar af leiðandi hafa neitað að taka á móti garninu, þar sem hjer væri alveg um óhæfilega álagningu að ræða, en þó fyrst eftir að hafa reynt að komast að samkomulagi við stefnanda. Heldur stefndur því fram að stefnandi hafi með þessu brotið í bága við lög nr. 7, 30. júlí 1918 og reglugjörð dags. 19. okt. s. á. um verðframsölu á vörum í heildsölu, enda hafi það verið forsenda sín fyrir samningnum frá 17. júlí á rskj. nr. 5, að stefnandi seldi nú sem fyrri betra og ódýrara netagarn en aðrir bæði sjer og öðrum. Í sönnunarskyni fyrir því að stefnandi hafi reiknað garnið óhæfilega hátt hefir stefndur lagt fram brjef frá firmanu Tenconi & Leth í Kaupmannahöfn og Þórði Sveinssyni & Co. hjer, um verð á nokkrum garntegundum, en ekki er unt að byggja neitt á þeim brjefum um það, hvaða verð hafi verið í innkaupi á garntegund þeirri, sem mál þetta er risið út af. Stefndur heldur því þess vegna fram að hann sje ekki bundinn við samninginn á rskj. nr. 5, og hafi haft fullkomna heimild til að neita að taka móti garninu.

Pegar svo stefndur innleysti ekki garnið, skoraði stefnandi með brjefi dags. 21. sept. f. á. á stefndan að gera það og greiða reikningsupphæðirnar danskar kr. 4060,20 plus ísl. kr. 25,26 innan 14 daga. En með brjefi dags. 6. okt. s. á. er stefndum tilkynt með skírskotun til samningsins á rskj. nr. 5, að netagarnið verði selt á opinberu uppboði. Fór svo uppboðið á netagarninu fram 15. okt. f. á. kl. 1 síðdegis við Suðurgötu 3 hjer, eftir að það hafði verið auglýst í Morgunblaðinu 14. s. m. og tilkynt stefndum með brjefi dags. 15. okt., sem birt er stefndum af stefnuttunum kl. 10<sup>1</sup>/<sub>4</sub> árdegis þann sama dag. Nettó andvirði uppboðsins nam kr. 3120,00. Stefndur hefir loks haldið því fram að uppboðið sje ekki skuldbindandi fyrir sig, þar sem það hafi verið auglýst með svo litlum fyrirvara, og enginn greiðslufrestur gefinn á uppboðsandvirðinu, og hafi garnið fyrir þá sök selst miklu ver en ella.

Stefnandi heldur því aftur á móti fram, að stefndur sje bundinn við samninginn á rskj. nr. 5 og mótmælir því að reglugjörðin frá 1918 geti komið til álits í þessu máli, enda sje það

verslun sín í Hellerup, sem selur garnið. Hann hefir og mót-  
mælt umsögn stefnds um verðlag á garninu.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að samning-  
urinn frá 17. júlí f. á. sje bindandi fyrir stefndan, eins og málið  
liggur fyrir, hvað sem reglugjörðinni frá 1918 líður, enda hefir  
stefndum að álitu rjettarins ekki tekist að sanna hvort eða hve  
mikið stefnandi hefir lagt á vörusending þessa. Og með því að  
í annan stað salan á garninu þykir eftir atvikum hafa verið nægi-  
lega tilkynt, þá verður að taka kröfur stefnanda til greina að  
öllu leyti.

---

Miðvikudaginn 5. nóv. 1924.

Nr. 40/1924.

**Rjettvísín** (Lárus Jóhannesson)  
gegn

**Kristjáni Kjartanssyni**

(Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 270. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarsýslu 20. júní  
1924: Ákærður Kristján Kjartansson sæti 4×5 daga fangelsi  
við vatn og brauð, svo greiði hann og allan af málinu leiðandi  
kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns,  
yfirdómsslögmans Páls Jónsonar 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu  
hans, að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstarjettar.**

Eins og segir í aukarjettardóminum verður að  
telja sannað, að ákærði hafi samið símskeyti það, er  
ræðir um í málinu, ritað heimildarlaust nafn Árna  
Guðmonssonar undir það og sent firmanu Kjartan  
& Jón í Hnífsdal. Hefur hjeradsdómarinn rjettilega  
heimfært afbrot þetta undir 270. gr. hinna almennu  
hegningarlaga og verður fallist á, að refsingin er  
ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. En